

Skýrsla stjórnar

Þann 14. maí var aðalfundur félagsins haldinn á rannsóknarstofu COWI Ísland og var óvenju fjölmennt á fundinum. Á fundinum buðu þeir Ágúst Pálsson og Kristófer Ásgeirsson sig fram í stjórn og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þeir Børge Johannes Wigum og Guðni Jónsson voru báðir að klára sitt fjórða ár í stjórn, Børge sem formaður og Guðni sem starfandi varamaður og þakkar stjórnin þeim fyrir samstarfið og þeirra framlag til Steinsteypufélagsins.

Samkvæmt lögum félagsins skipti stjórn með sér verkum á fyrsta fundi og var Andri Jón Sigurbjörnsson kosinn formaður og Sigríður Ósk Bjarnadóttir varaformaður. Heimir Rafn Bjarkason, Ólafur Sveinn Haraldsson og Ágúst Pálsson voru kosnir stjórnarmenn og Kristófer Ásgeirsson í varastjórn. Þorbjörg Hólmgeirsdóttir heldur áfram starfi sínu sem framkvæmdarstjóri félagsins.

Sama dag fór félagið svo í heimsókn í nýjar höfuðstöðvar Björgunar í Álfsnesi og fengu þar stjórn og félagsmenn kynningu á starfsemi á samt því að gengið var um svæðið og búnaður skoðaður. Stjórn óskar Björgun til hamingju með glæsilega vinnslustöð og þakkar kærlega fyrir gestrisnina.

Þann 28. júní var svo haldinn stofnfundur um stofnun spegilnefndar vegna staðla sem tengjast steinsteypu. Steinsteypufélagið í samvinnu við Byggingarstaðlaráð stóð fyrir stofnun þessarar nefndar og er helsta verkefni hennar að halda utan um þá Evrópsku og alþjóðlegu staðla sem gefnir eru út og tengjast steinsteypu. Kosinn var formaður nefndarinnar, Guðbjartur Jón Einarsson, ritari er Arngrímur Blöndahl ásamt því að einstaklingar buðu sig fram til starfa í nefndina. Alls eru um 10 manns í nefndinni.

Þann 18. október bauð svo Steypustöðin-námur félagsfólki í heimsókn í Vatnsskarð þar sem steinefnavinnsla þeirra var skoðuð og starfsemi félagsins kynnt. Góð mæting var í heimsóknina og þakkar stjórn fyrir góðar móttökur.

Í nóvember sótti framkvæmdastjóri félagsins ráðstefnu *fib* í Christchurch á Nýja-Sjálandi. Samhliða ráðstefnunni sat framkvæmdastjórinn bæði aðalfund *fib* og fund vísindanefndar samtakanna. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt í þessum viðburðum sem fullgildur aðili og var einstaklega vel tekið á móti okkur og mikill áhugi á samstarfi við okkur.

37. Steinsteypudagurinn var svo haldinn hátíðlegur þann 28. Febrúar á Grand hótél og eins og undanfarin ár var hann vel sóttur og mikið um áhugaverð erindi. Stjórn þakkar öllum gestum fyrir komuna, fyrirlesurum fyrir þeirra framlag og styrktaraðilum fyrir að gera daginn mögulegan.

Veitt voru tvenn nemendaverðlaun og voru það þau Ester María Eiríksdóttir, B.Sc. í byggingartæknifræði frá HR og Ingi Sigurður Ólafsson, M.Sc. í byggingarverkfræði frá HÍ sem hlutu viðurkenningar fyrir lokaverkefni sín.

Steinsteypuverðlaunin 2025 hlaut Landsbankinn fyrir glæsilegar nýjar höfuðstöðvar sínar við Austurbakka. Hönnuðir eru: Nordic Office of Architecture ehf. C. F. Möller, EFLA og VSB. Um framkvæmdina sáu ÞG Verk, BM Vallá og ÍAV um og óskar stjórn öllum þessum aðilum til hamingju.

Að venju var Sigmál, fréttabréf Steinsteypufélags Íslands gefið út samhliða Steinsteypudeginum og var það gefið út í 1750 eintökum. Ritstjóri var Erla Margrét Gunnarsdóttir og sá hún einnig um umbrot blaðsins og þakkar stjórn henni kærlega fyrir sitt framlag.

Í apríl fór svo Dórótea Höeg Sigurðardóttir á fund „The Research Council for Nordic Concrete Research“ RCNCF en hún situr fyrir Íslands hönd í þessu norræna vísindaráði.

Að lokum má svo nefna að félagið stendur fjárhagslega vel og var rekstrarafkoma ársins jákvæð og eignarstaða er nokkuð góð. Þessi staða væri ekki möguleg án styrktaraðila og kann stjórn félagsins þeim bestu þakkir fyrir.

Reykjavík 15. maí 2025
Andri Jón Sigurbjörnsson